

Skólaráðsfundur í Skóla Ísaks Jónssonar þriðjudaginn 16. maí 2017 kl 08:40 á kaffistofu skólans.

Mætt: Gunnhildur Jónsdóttir, Ragnar Jón Ragnarsson, Sigríður Anna Guðjónsdóttir og Þóra Elísabet Kjeld.

1. Kynning á starfsáætlun skólans fyrir árin 2017 – 2018.

Farið yfir starfsáætlun skólans fyrir árin 2017-2018 og hún kynnt Skólaráði. Búið var að samþykkja skóladagatal fyrir árin 2016 – 2018.

2. Kynning á nýjum skólareglum fyrir SÍJ.

Búið endurnýja skólareglur fyrir SÍJ. Hugu Tanja Haraldsdóttir kennari við skólann hefur haft veg og vanda að breytingunum. Breytingar kynntar fyrir Skólaráði. Gunnhildur kom með athugasemdir varðandi skólareglurnar og er búið að breyta orðalagi á stöku stað. Farið verður aftur yfir skólareglurnar á kennarafundi þann 16. maí 2017.

3. Skólalóðin.

Skólalóðin hefur verið umkvörtunarefni foreldra og nemenda í mörg ár. Sigríður sagði frá því að borgin hefði sent landslagsarkitekt til að taka út skólalóðina. Foreldrafélagið ætlar að safna fyrir leiktækjum. Tilboð komið vegna kóngulóargrindar.

Sigríður sagði frá því að hún hefði sótt um lausa skólastofu. Skólastofan ætti að vera þar sem hin stofan er til að koma í veg fyrir að fólk leggi þar. Sjá síðustu fundargerð.

4. Önnur mál.

Erla Sif fulltrúi nemenda kom á fundinn og fór yfir drög að skólareglum.

Fundi slitið.